

Reglugjörð

fyrir búnaðarskóla Vesturamtsins í Ólafsdal.

1. grein.

Búnaðarskóli fyrir Vesturamtíð er stofnaður, og fyrst um sinn settur í Ólafsdal í Dalasýslu, eptir samningi milli amtsráðsins í Vesturamtinu og eiganda jarðar þessarar, Torfa Bjarnasonar, sem nú er forstöðumaður skólans og aðalkennari.

2. grein.

Tilgangur skólans er að veita ungum mönnum nægilega kunnáttu, verklega og bóklega, í öllum þeim störfum, er snerta jarðrækt og jarðabætur, að auka þekkingu þeirra og áhuga á framförum í landbúnaði, og yfir höfuð, að venja þá við verklegan dugnað.

3. grein.

Til skólans er lagt búnaðarskólagjaldið úr Vesturamtinu, og vextir af búnaðarskólasjóði Vesturamtsins, og allur annar opinber styrkur, sem búnaðarskóla Vesturamtsins veitist.

4. grein.

Amtsráðið í Vesturamtinu hefur yfirumsjón skólans á hendi, útveggar fje til hans, ákveður tölu lærisveina með samráði forstöðumanns skólans, annast um að stjórn skólans og kennslan sje í góðu lagi, og að skólinn nái sem bezt tilgangi sínum.

5. grein.

Bónarbrjef um inntöku í skólann skulu sendast fyrir lok desembermánaðar til amtmannsins í Vesturamtinu, sem veitir aðgang að skólanum, og tilkynnir veitinguna bæði forstöðumanni skólans og piltum fyrir lok marzmánaðar.

6. grein.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru:

1. að pilturinn sje siðprúður og heilsuhraustur.
2. að hann sje eigi yngri en á 18. ári, og eigi eldri en á 28. ári.
3. að hann sje vel lesandi, skrifi bærilega og reikni 4 höfuðgreinir í heilum tölum.
4. að hann hafi nægan þroska til vanalegrar sveitavinnu og sje henni vanur.

7. grein.

Skólaárið telst frá miðjum maí ár hvert til sama tíma árið eptir. Skólatíminn er 2 ár, og skuldbinda lærisveinar sig, með því að sækja um að verða teknir á skólann, til að vera þar þennan tíma, eða til að endurgjalda ella þann styrk, sem með þeim hefir verið lagður, ef þeir án gildra orsaka fara fyrri burt af skólanum.

8. grein.

Meðan lærisveinar eru á skólanum, eru þeir skyldugir til að taka þátt í öllum heimilisstörfum, svo sem: alls konar jarðrækt, heyvinnu, húsabyggingum, fjenaðarhirðingu, móskurði, smíðum, aðdráttum m. m., með þeim takmörkunum, sem segir í 9. grein. Þeir skulu vera forstöðumanni skólans hlýðnir og auðsveipnir sem yfirboðara sínum.

9. grein.

Ekki má forstöðumaður nota lærisveinana til sjóferða, lestaferða eða annara aðdrátta til heimilis, eða sendiferða lengur en alls 2 vikur á ári hvern þeirra. Ekki skal hann heldur láta þá vinna að torfverknm lengur en svarar 1 vika á sumri, nema það

sjuu girðingar eða annað, sem til jarðabóta telst, eða eitthvað sje sjerlega eptirbreytnisvert við það, og piltar sjuu fúsir að vinna að því. Hann má ekki ætla þeim aðra fjen-
 10. okt. aðarhirðingu en fódurskammt og innanhússhirðingu lamba, nautpenings og hrossa, og einungis frá veturnóttum til 14. maí, og á því tímabili aldrei meira en svarar hálfri vinnu fullkomins manns hverjum. Við heyvinnu má forstöðumaður ekki hafa piltana lengur en 8 vikur á sumri. Ekki má hann ljá þá út af heimilinu til annarar vinnu en jarðabótarstarfa, er framkvæmd sjuu eptir hans eigin fyrirsögn og leiðbeiningu.

10. grein.

Lærisveinar fá hjá forstöðumanni skólans forsvaranlegt fæði, húsnæði, þjónustu, ljós, skóleður, sokka og vetlinga til slits; en að öðru leyti leggja þeir sjer til allan fatnað nægilegan til skipta, svo og bækur og ritföng.

11. grein.

Lærisveinum er heimilt að yfirgefa skólann í 18 daga um jólin frá 20. desember til 6. janúar.

12. grein.

Hin verklega keunsla fer fram sumar og vetur, en bóklega kennslan stendur yfir einungis frá 1. nóv. til 30. apríl, og yfir þann tíma, að frádregnu jólafríinu, skal verja til bóknáms 9 stundum á degi hverjum til jafnaðar. Frá 1. maí til 31. oktbr. er enginn tími ætlaður til bóknáms, en eigi má vanalega ætla lærisveinum lengri vinnutíma en 12 stundir vor og haust, og 13 stundir um sláttinn á degi hverjum.

13. grein.

Verklega kennslan skal einkum vera fólgin í eptirfylgjandi atriðum:

1. Að nota plóg, herfi og önnur jarðyrkjuverkfæri.
2. Að rækta matjurtir og fódurjurtir.
3. Að fara rjett með áburð.
4. Að þurka votlendi og gjöra veitur.
5. Að gjöra girðingar.
6. Að verka hey og stýra heyverkum og öðrum störfum.
7. Að smíða einföld verkfæri og gjöra að verkferum.
8. Að nota einföld áhöld til landmælinga og hallamælinga.

14. grein.

Bóklega skal kenna:

1. Ágrip af náttúrufræði, dýrafræði, grasafræði, steinafræði, efnafræði og eðlisfræði.
2. Jarðræktarfræði, um jarðveginn, verkfæri, framræzlu, vatnsveitingar, meðferð sáðjurta, áburð, túnarækt.
3. Ágrip af húsdýrafræði og um kvikfjárrækt.
4. Hagfræði í landbúnadi og um bússeikninga.
5. Ágrip af mælingarfræði og um land- og hallamælingar.
6. Dráttlist, að gjöra uppdrætti af landspildum og verkferum eptir máli.
7. Reikning, um brot, þríliðu, flatarmál og rúmmál.
8. Dönsku, að lesa og skilja danskar bækur.

15. grein.

Burtfararpróf frá skólanum, yfir þeim lærisveinum, sem notað hafa kennslu í 2 ár, skal haldið í tvennu legi:

104
10 okt.

- a) próf í verklegu: plægingum og þúfnasljettun, framræzlu og vatnsveitingum, land- og hallamælingum, fyrir lok septembermánaðar, og
b) próf í bóklegu, sem fram fer fyrir 14. maí að affloknum námstímanum.

Við prófin skulu vera 2 prófdómendur, sem amtmaðurinn í Vesturamtinu kveður til þess.

16. grein.

Við burtfararprófið skal gefa sjerstakar einkunnir.

A. í verklegu :

1. fyrir plægingar og þúfnasljettun. 2. fyrir framræzlu og veitugjörð. 3. fyrir land- og hallamælingar. 4. fyrir smíðar. 5. fyrir heyvinnu og verkstjórn. 6. fyrir kapp og reglusemi.

B. í bóklegu :

7. fyrir náttúrufræði, í dýrafræði, grasufræði og steinafræði. 8. fyrir sama, í efnafræði og eðlisfræði. 9. fyrir jarðræktarfræði, í framræzlu, vatnsveitingum, áburðarmedferð, túnarækt. 10. fyrir sama, í ræktun sáðjurta og um verkfæri. 11. fyrir húsdýrafræði og kvikfjárrækt. 12. fyrir hagfræði. 13. fyrir reikning. 14. fyrir mælingafræði. 15. fyrir dráttlist.

Í greinunum 4. og 16. skal sýna það, sem piltar hafa gjört, og ákveða einkunnirnar eptir því, en í atriðunum 6. og 7. ákveður forstöðumaður skólans einkunnina. (Framh.)

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C. 4.

Samkvæmt tillögum hlutadeigandi amtmanns voru samþykktar uppástungur sýslunefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu um að verja 60 kr. (sbr. Stj.tíð. p. á. B. bls. 11.) til verblauna fyrir unnar jarðarbætur og sýslunefndarinnar í Mýrasýslu um að verja 340 kr. (sbr. Stj.tíð. p. á. B. bls. 11.) til launa handa 3 ferðabúfræðingum.

16. gr. 14.

Jónasi organista Helgasyni veittur 40 kr. styrkur til að gefa út 3. hefti af Söngkennslubók fyrir byrjendur, 2½ arkir að stærð.

EMBÆTTASKIPUN O. FL.

29. sept.br. skipaði landshöfðingi cand. philos. Hallgrím Melsted til að vera bókavörð við landsbókasafnið frá 1. október p. á. að reikna.

14. okt.br. skipaði landshöfðingi, samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaða, sjera Bjarna Pálsson að Ríp til að vera prest í Þingeyra prestakalli í Húnavatns prófastsdæmi.

17. s. m. skipaði landshöfðingi prestaskólakandidat Ólaf Magnússon til að vera prest í Eyvindarhóla prestakalli í Rapgárvalla prófastsdæmi eptir að tillögu hlutadeigandi safnaða hafði verið um það leitað samkvæmt 10. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

25. s. m. skipaði landshöfðingi prestaskólakandidat Þórð Ólafsson til að vera prest í Dýrafjarðarþinga prestakalli í Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi eptir að tillögu hlutadeigandi safnaða hafði verið um það leitað samkvæmt 10. gr. í lögum 8. jan. 1886.

S. d. skipaði landshöfðingi, samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaða, prestaskólakandidat Árna Bjarnarson, til að vera prest í Reynistaðar prestakalli í Skagafjarðar prófastsdæmi.

ÓVEITT PRESTAKÖLL,

sem verða veitt með þeim fyrirvara, að þeir, er þau fá, verða að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þeirra, er leitt geta af ákvörðun í 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Hjaltastaður í Norðurmúlaprófastsdæmi. Prestsekkja er í brauðinu. Brauðið er metið kr. 1368,70. Auglýst 27. september 1887.

Ríp (Rípursókn) í Skagafjarðar prófastsdæmi. Brauðið er metið kr. 721,79. Auglýst 19. okt. 1887.

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

- Fjárlög* fyrir árin 1888 og 1889, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 13., bls. 28—53).
- Fjaraukalog* fyrir árin 1884 og 1885, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 14., bls. 54—57).
- Fjarauk.lög* fyrir árin 1886 og 1887, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 15., bls. 58—61).
- Lög um samþykkt á landsreikningnum* fyrir 1884 og 1885, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 16., bls. 62—65).
- Lög um línun í skatti af ábúð og afsnotum jarða og af lausafje*, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 17., bls. 66—67).
- Lög um veð*, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 18., bls. 68—73).
- Lög um aðför*, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 19., bls. 74—97).
- Lög um sveitarstyrk og fálgu*, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 20., bls. 98—101).
- Lög um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir*, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 21., bls. 102—105).
- Lög um að umsjón og fjárhald Flateyjarkirkju og Ingjaldshólskirkju skuli fengin hlutaðeigandi söfnuðum í hendur*, undirskrifuð af konungi 4. nóvbr. 1887 (A, nr. 22., bls. 106—107).
- Auglýsing* um rjett kvenna til að njóta kennslu á prestaskólanum og um próf fyrir þær í guðfræði að loknu námi á skóla þessum, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 7. nóvbr. 1887 (A, nr. 23, bls. 108—111).
- Lög um að nema úr gildi lög 16. desbr. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgrúps í Strandasýslu og Skagatár í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóv. til 14. apríl*, undirskrifuð af konungi 10. nóvbr. 1887 (A, nr. 24, bls. 112—113).
- Lög um vegi*, undirskrifuð af konungi 10. nóvbr. 1887 (A, nr. 25., bls. 114—123).

Reglugjörð

fyrir búnaðarskóla Vesturamtsins í Ólafsdal. (Niðurlag).

104

10. okt.

17. grein.

Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, og jafngilda 6, 5, 4, 3, 2, 1, en ákveða má einkunnina nánar með brotum, $\frac{1}{3}$ og $\frac{2}{3}$.

Allar hinar sjerstöku einkunnir skal leggja saman og deila með einkunnafjöldanum; tala sú (reiknuð með 2 decimölum), sem þá kemur fram sýnir aðaleinkunnina, en aðaleinkunnirnar eru;

ágætlega, og þarf til hennar	5,01 til 6,00.
dável	— — — — 4,01 — 5,00.
vel	— — — — 3,01 — 4,00.
laklega	— — — — 2,01 — 3,00.

Nái einhver eigi 2,50 í aðaleinkunn, hefur hann eigi staðizt prófið.

1. dag desembermán. 1887.

104

14. okt.

18. grein.

Hverjum þeim lærisveini, sem hefur staðizt burtfararpróf, skal gefa skriflegt burtfararskírteini, og skal í því tilgreina aðaleinkunn þá, sem hann hefur fengið í prófinu, sem og einkunnir þær, sem hann hefur fengið í hverri einstakri grein. Í burtfararskírteininu skal forstöðumaður gefa einkunn fyrir iðni, en ekki telst sú einkunn með, þegar reiknuð er út aðaleinkunnin. Hann skal einnig lýsa hegðun lærisveinsins. Sá lærisveinn, sem ekki hefur staðizt burtfararpróf, eða ekki gengið undir það, á heimtingu á að fá vottorð forstöðumannsins um veru sína á skólanum.

19. grein.

Forstöðumaður skólans skal semja og senda amtsráðinu skýrslu um skólann á ári hverju, og kemur amtsráðið henni á prent.

*

*

Reglugiörð þessi, er amtsráð Vesturamtsins hefur samið, gildir unz henni með samþykki amtsráðsins verður breytt.

Fyrir hönd amtsráðsins í Vesturamtinu.

Reykjavík, 10. oktbr. 1887.

E. Th. Jónassen.

105

14. sept.

Brjef landshöfðingja til stíptisyfirvaldanna um vangöldin árgjöld af brauðum.

— Samkvæmt brjefi landfógeta dags. 10. p. m. eru ólokin árgjöld þau af brauðum, er nú skal greina.

1. Af Hofsprestakalli í Vopnafirði til 6. júní 1887 . . . kr. 961,00
2. — Valþjófsstaðarprestakalli til 6. júní p. á. . . — 250,00
3. — Saurbæjarprestakalli á Hvalfjarðarströnd til 6. júní p. á. (skuld sjera Jóns Benediktssonar) . . . — 75,00
4. — Staðarprestakalli á Reykjanesi fyrir fardagaárin 1884—85, 1885—86 og 1886—87 — 1200,00
5. — Vatusfjarðarprestakalli til 6. júní p. á. — 150,00
6. — Þingeyraprestakalli til sama tíma — 300,00
7. — Reynistaðarprestakalli til sama tíma — 300,00
8. — Völlum í Svarfárdal til sama tíma — 650,00
9. — Grundarþingum til sama tíma — 25,00
10. — Saurbæ í Eyjafirði til sama tíma — 500,00
11. — Laufásprestakalli til sama tíma — 1600,00

Jeg skal því með skýrskotun til brjefs míns frá 6. nóvember f. á. þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að gjöra alvarlega gangskör að því, að hlutadeigandi prestar greiði tafarlaust árgjöld þau, sem þeir þannig eru komnir í skuld um, og að því er sjerstaklega snertir prestana að Stað á Reykjanesi, Völlum í Svarfárdal, Saurbæ í Eyjafirði og Laufási, sem sýnt hafa stórkostlegust vanskil, verð jeg að leggja fyrir yður, ef þeir ekki innan stutts frests, er þjer nákvæmar til takið, greiða landssjóðnum skuld sína, að hlutast þá til um málshöfðun gegn þeim til lúkningar allri skuldinni.

Um það er gjört verður út af þessu brjefi mínu og um svör prestanna, vænti jeg á sínum tíma að fá tilkynningu.